

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um rúma 46 milljarða króna, sem er 74,5 milljörðum króna lakari útkoma heldur en sama tímabil í fyrra. Tekjur reyndust um 20,8 milljörðum lægri en í fyrra á meðan gjöldin hækka um tæpan 61 milljarð.


Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júní 2005-2009

	Í milljónum króna				
	2005	2006	2007	2008	2009
Innheimtar tekjur	165.540	182.826	218.083	225.573	204.794
Greidd gjöld	151.887	153.160	175.411	197.714	258.552
Tekjujölfnuður	13.653	29.666	42.672	27.859	-53.758
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	1.883	40	-11.057	222	7.301
Handbært fé frá rekstri	15.536	29.706	31.615	28.081	-46.457
Fjármunahreyfingar	10.379	-2.208	-71.961	-1.486	1.209
Hreinn lánsfjárfjölfnuður	25.915	27.498	-40.346	26.595	-45.248
Afborganir lána	-30.002	-38.873	-32.201	-31.415	-72.060
Innanlands	-13.775	-24.100	-21.357	-15.854	-72.060
Erlendis	-16.227	-14.773	-10.844	-15.561	-
Greiðslur til LSR og LH	-1.900	-1.980	-1.980	-1.980	-
Lánsfjárfjölfnuður, brúttó	-5.988	-13.355	-74.527	-6.800	-117.308
Lántökur	9.579	16.246	46.612	62.319	123.934
Innanlands	5.305	8.146	43.278	62.319	116.585
Erlendis	4.274	8.100	3.334	-	7.349
Breyting á handbæru fé	3.591	2.890	-27.915	55.519	6.626

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins voru tæplega 205 ma.kr. sem er rúmlega 20 ma.kr. minni tekjur en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu um 219 ma.kr. og er frávikið því rúmir 14 ma.kr. Munar þar mest um minni skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu um 178 ma.kr. og drógust saman um 13,7% að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur vísitala neysliverðs (án húsnæðis) hækkað um 18,2% og því hafa skatttekjur og tryggingagjöld dregist saman um 27,0% að raunvirði. Aðeins hefur hægt á samdrættinum að raunvirði milli ára og er hann nú 25,9% þegar litið er til 4 mánaða meðaltals, eins og sjá má á myndinni. Aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs jukust umtalsvert á fyrstu sex mánuðum ársins en þær námu rúmlega 26 ma.kr. sem endurspeglar 54,1% nafnvirðisaukningu frá sama tímabili 2008. Gert var ráð fyrir rúmum 18 ma.kr. í áætlun fjárlaga og er frávikið því um 8 ma.kr. sem skýrist af meiri vaxtatekjum en reiknað var með.

Skattar á tekjur og hagnað námu tæpum 80 ma.kr. og drógust saman um 6,0% að nafnvirði frá fyrsta helmingi ársins 2008. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga tæpum 44 ma.kr. sem endurspeglar 5,9% samdrátt að nafnvirði. Tekjuskattur lögaðila var tæplega 8 ma.kr. og dróst saman um 36,7% að nafnvirði frá sama tíma árið áður. Fjármagnstekjuskattur nam um 28 ma.kr. sem er aukning um 8,8% milli ára en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar. Innheimta eignarskatta var tæplega 3 ma.kr. sem er samdráttur um 40,2% frá fyrra ári en þar af voru stimpilgjöld stærsti hlutinn, eða tæplega tveir milljarðar króna og drógust þau saman um 52,6%.

Innheimta almennra veltuskatta nam tæplega 74 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins og dróst saman um 20,2% að nafnvirði á milli ára eða um 32,5% að raunvirði m.v. hækkun vísitölu neysluverðs (án húsnæðis). Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal er raunlækkunin á milli ára enn mikil eða 23,1%, eins og sjá má af myndinni. Virðisaukaskattur, sem er stærsti hluti veltuskattanna, nam rúmlega 51 ma.kr. á fyrri helmingi ársins og dróst saman um 14 ma.kr. frá sama tíma 2008. Samdrátturinn nemur 21,8% að nafnvirði og 33,9% að raunvirði. Virðisaukaskattur í júnímánuði einum, sem kemur að mestu af smásölu á öðru virðisaukaskattstímabili ársins, þ.e. mars og apríl, nam um 12,5 ma.kr. Þar af eru um 3,7 ma.kr. sem voru innheimtir í júní sökum breyttra reglna um gjalddaga skattsins en fyrir breytingu hefði gjalddaginn verið í maí. Í maímánuði var því aðeins þriðjungur virðisaukaskattsins á gjalddaga en hinir tveir þriðjungarnir í júní og júlí. Þessar breytingar tóku gildi í mars síðastliðnum og gilda til ársloka. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða 83,5%. Þá jukust vörugjöld af bensíni um 10,1% að nafnvirði á milli ára en olíugjald dróst saman um 10,8%. Gjöld á bensín og olíu voru hækkuð um 12,5% undir lok árs 2008 og hækkuð frekar í lok maí 2009. Hin ólíka þróun í innheimtu bensínjaldsins og olíugjaldsins og mikill samdráttur tekna af olíugjaldinu þrátt fyrir hækkun gjaldsins er til marks um að meira hefur dregið úr akstri olíuknúinna ökutækja en bensínknúinna. Í forsendum fjárlaga var reiknað með að olíunotkun drægist meira saman en bensínnotkun en samdráttur þeirrar fyrrnefndu hefur þó verið talsvert meiri en vænst var. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu rúmum 2 ma.kr. og tekjur af tryggingagjöldum voru rúmlega 18 ma.kr. sem er samdráttur um annars vegar 24,5% og hins vegar 10,2% á milli ára.



Greidd gjöld nema 258,6 milljarði króna og hækka um 60,8 milljarða frá fyrra ári, eða um 30,8%. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu um 22,9 milljarða, þar sem vaxtagreiðslur ríkissjóðs skýra 19,8 milljarða. Þá hækka útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 17,9 milljarða sem skýrist að mestu af 11,8 milljarða króna hækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára, 2,1 milljarða hækkun á útgjöldum lífeyristrygginga sem hækka um 9,7%, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð aukast um 2,1 milljarð milli ára og barnabætur um 965 milljónir króna. Útgjöld til heilbrigðismála aukast um 7,8 milljarða króna milli ára þar sem útgjöld til sjúkratrygginga skýra 4,9 milljarða króna og útgjöld til Landspítala aukast um 1,1 milljarð. Útgjöld til menntamála aukast um 3,5 milljarða króna þar sem útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um 1,7 milljarða milli ára og útgjöld til framhaldsskóla um 1,5 milljarða króna. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála aukast um 3,1 milljarða króna og skýra framkvæmdir Vegagerðarinnar um 1 milljarð króna þar af og Hafnarbótasjóður 793 milljónir króna. Þá aukast útgjöld til Ábyrgðasjóðs launa um 566 milljónir króna á milli ára. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála aukast um 2,3 milljarða króna milli ára þar sem útgjöld Landhelgisjóðs Íslands skýra hækkunina að langmestu leyti. Óregluleg útgjöld aukast um 2,1 milljarð á milli ára sem skýrist að mestu með útgjöldum til lífeyrisskuldbindinga sem hækka um 790 milljónir króna milli ára og greiddum fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sem eykst um 1,3 milljarða milli ára. Breytingar í öðrum málaflokkum eru minni en þær sem áður hafa verið taldar.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 117,3 milljarða króna í júní á móti neikvæðum lánsfjárfjöfnuði 6,8 milljörðum á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 45,2 milljarða króna og lækkar um 71,8 milljarða milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 136,2 milljarða og lækkað stofn ríkisvixla um 19,6 milljarða. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeyjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Afborganir námu 72,1 milljörðum króna og er þar að stærstum hluta um að ræða innlausn ríkisbréfaflokka á gjalddaga í júní að fjárhæð 70,7 milljarða.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009
Skatttekjur og tryggingagjöld	196.121	206.246	178.022	13,9	5,2	-13,7
Skattar á tekjur og hagnað	77.264	84.719	79.637	18,8	9,6	-6,0
Tekjuskattur einstaklinga	44.126	46.259	43.524	15,2	4,8	-5,9
Tekjuskattur lögaðila	12.383	12.611	7.981	-3,2	1,8	-36,7
Skattur á fjármagnstekjur	20.756	25.849	28.132	48,8	24,5	8,8
Eignarskattar	5.494	4.232	2.529	0,8	-23,0	-40,2
Skattar á vöru og þjónustu	90.767	92.541	73.809	11,0	2,0	-20,2
Virðisaukaskattur	64.697	65.566	51.248	15,2	1,3	-21,8
Vörugjöld af ökutækjum	4.736	5.424	893	-19,4	14,5	-83,5
Vörugjöld af bensíni	4.334	4.281	4.715	1,6	-1,2	10,1
Skattar á olíu	3.278	3.471	3.095	12,9	5,9	-10,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	5.615	5.668	6.277	5,2	0,9	10,7
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	8.106	8.131	7.582	12,4	0,3	-6,7
Tollar og aðflutningsgjöld	2.292	2.956	2.231	43,2	28,9	-24,5
Aðrir skattar	513	1.321	1.426	37,0	157,3	8,0
Tryggingagjöld	19.790	20.477	18.390	10,2	3,5	-10,2
Fjárframlög	470	207	340	53,6	-56,0	64,2
Aðrar tekjur	14.536	16.921	26.079	44,4	16,4	54,1
Sala eigna	6.787	2.200	352	-	-	-
Tekjur alls	217.913	225.573	204.794	19,2	3,5	-9,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2007	2008	2009	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	24.999	29.161	52.105	16,6	78,7
Þar af vaxtagreiðslur	8.985	10.230	30.008	13,9	193,3
Varnarmál	309	846	791	173,5	-6,5
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	7.998	9.992	12.308	24,9	23,2
Efnahags- og atvinnumál	22.326	27.268	30.379	22,1	11,4
Umhverfisvernd	1.783	1.900	2.164	6,6	13,9
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	221	264	314	19,5	18,8
Heilbrigðismál	45.572	49.557	57.322	8,7	15,7
Menningar- íþróttar- og trúmál	8.120	8.845	9.882	8,9	11,7
Menntamál	20.563	22.420	25.903	9,0	15,5
Almannatryggingar og velferðarmál	38.996	43.270	61.120	11,0	41,3
Óregluleg útgjöld	4.523	4.193	6.265	-7,3	49,4
Gjöld alls	175.411	197.714	258.552	12,7	30,8